

Eðlishvöt til að temja sér færni¹

Um leið og þið lesið þessi orð takið þið þátt í einu af undrum náttúrunnar. Öll tilheyrum við tegund sem býr yfir merkilegum hæfileika; við getum dregið upp einstaklega nákvæma mynd af atburðum í huga hvers annars. Ég á ekki við hugsanaflutning eða sefjun eða aðrar jaðarvísindahugmyndir, sem þrátt fyrir myndrænar lýsingar áhangenda sinna komast ekki í hálfkvisti við þann hæfileika sem við búum óumdeilanlega öll yfir. Það er hæfileikinn til að tala. Með því einu að gefa frá okkur hljóð með munninum getum við af öryggi myndað nákvæm og ný hugmyndatengsl hvert hjá öðru. Þessi hæfileiki er okkur svo eðlilegur að okkur hættir til að gleyma hvílíkt kraftaverk hann er. Leyfið mér að minna ykkur á það með nokkrum dæmum. Ef þið gaumgæfið orð mín með opnum huga svolitla stund get ég fengið ykkur til að hugsa afar sérstakar hugsanir:

Þegar karlkolkrabbi kemur auga á kvendýr verður gráleitur skrokkurinn skyndilega röndóttur. Hann syndir fyrir ofan kvendýrið og gælir við það með sjö af örmum sínum. Láti hún sér vel líka er hann snöggur að teygja sig í áttina til hennar og smokra áttunda arminum ofan í öndunarpípu hennar. Sáðsekkirnir streyma hægt gegnum rauf í arminum og inn í möttulhol kvendýrsins.

Fór kirsuberjasósa í hvítu fötin? Helltist vín á altarisdúkinn? Hreinsið umsvifalaust með sódatvatni. Það dugar einstaklega vel til að fjarlægja bletti úr taui.

Dixie verður steinhissa þegar hún opnar fyrir Tad því hún hélt að hann væri dáinn. Hún skellir hurðinni á nefið á honum og reynir að komast undan. En þegar Tad segir: „Ég elska þig,“ hleypir hún honum inn. Tad

1 „An Instinct to Acquire an Art“. Fyrsti kafli í *The Language Instinct: How the Mind Creates Language*. (1994) 2007. Sigrún Ástríður Eiríksdóttir þýddi. New York, London, Toronto, Sidney: Harper Perennial Modern Classics (bls. 1–11).

huggar hana og þau fyllast ástríðu. Þegar Brian kemur að þeim segir Dixie Tad að hún og Brian hafi gift sig fyrir um daginn og Tad verður steinhissa. Dixie tekst að stynja því upp við Brian að það sé alls ekki allt búið á milli hennar og Tads. Síðan tilkynnir hún að Jamie sé sonur Tads. „Er hann hvað?“ spyr Tad steini lostinn.

Íhugið áhrif þessara orða. Ég minnti ykkur ekki aðeins á kolkrabba; ef svo ólíklega vill til að þið sjáið kolkrabba verða röndóttan vitið þið hvað gerist þar á eftir. Næst þegar þið farið í kjörbúð kaupið þið ef til vill sóðavatn, eina af þeim mörg þúsund vörum sem eru á boðstólum, og snertið það ekki aftur fyrir en mörgum mánuðum síðar þegar ákveðið efni sullast óvart í fatnað eða dúk. Nú þekkið þið ásamt milljónum annarra manna leyndarmál sögupersóna í sápuóperunni *All My Children*, veröld sem einhver ókunnug manneskja hugsaði upp. Þessi dæmi byggjast að vísu á því að við getum lesið og skrifað og það gerir tjáskipti okkar enn stórkostlegri því að þau brúa bil í tíma, rúmi og milli ókunnugs fólks. En skriftir eru augljóslega valfrjáls kostur; það sem raunverulega knýr samskipti okkar er talmálið sem við lærðum sem börn.

Í öllum náttúrufræðibókum um manninn væri tungumálið dregið fram sem hans fremsti eiginleiki. Vissulega getur einsamall maður verið merkilega ráðagóður og útsjónarsamur. En tegundin Róbinson Krúsó gæfi athuganda utan úr geimi ekki tilefni til að hafa um hana sérlega mörg orð. Sagan um Babelsturninn lýsir betur því sem er verulega athyglisvert við okkar tegund, þegar mannkyn talaði eitt tungumál og var svo nálægt því að ná til himna að Guði fannst sér ógnað. Sameiginlegt tungumál tengir einstaklinga í samfélagi saman í net þar sem þeir skiptast á upplýsingum og öðlast gríðarleg sameiginleg völd. Allir geta notið góðs af snilldarhugmynd, óvæntu happi og visku sem aðrir hafa öðlast með reynslu í nútíð eða þátíð. Menn geta unnið saman í hópum og sameinað krafta sína með því að ræða saman og komast að samkomulagi. Af þessu leiðir að *Homo sapiens* er tegund, eins og blágrænþörungar og ánamaðkar, sem hefur valdið víðtækum breytingum á jörðinni. Fornleifafraeðingar hafa uppgötvað bein tíu þúsund villihesta undir kletti í Frakklandi, leifar af hjörðum sem hópar steinaldarmanna hröktu fram af klettabrúninni fyrir sautján þúsund árum. Þessar menjar um forna

samvinnu og sameiginlega hugvitssemi gætu varpað ljósi á ástæðu þess að sverðkettir, frumfílar, ullhærðir nashyrningar og tugir annarra stórra spendýra dóu út um það leyti sem nútímamenn komu í heimkynni þeirra. Forfeður okkar virðast hafa drepð þau.

Tungumálið er svo samofið mannlegri reynslu að naumast er unnt að ímynda sér lífið án þess. Líklegt er að þar sem tveir menn eða fleiri eru saman komnir hvar sem er á jörðinni muni ekki líða á löngu þar til þeir fara að skiptast á orðum. Þegar menn hafa engan til að tala við tala þeir við sjálfa sig, hundana sína eða jafnvel plönturnar. Í félagslegum samskiptum okkar eru það ekki hinir fótfráu sem ráða hlaupinu heldur hinir mælsku – heillandi ræðumaður, tungulipur svikahrappur, barn sem talar af sannfæringarkrafti og fær vilja sínum framgengt við stærra og sterkara foreldri. Málstol, truflun á máli eða málskilningi vegna heilaskemmda, er skelfilegt og í alvarlegum tilvikum getur fjölskyldunni fundist sem manneskjan sem það hrjáir sé farin fyrir fullt og allt.

Þessi bók fjallar um mannlegt mál. Öfugt við flestar bækur sem hafa orðið „mál“ í heiti sínu fjallar hún ekki um rétta málnotkun, uppruna orðtaka eða slangurs, hún skemmtir lesendum hvorki með orðum sem lesa má jafnt aftur á bak sem áfram né með stafabrengli, hún rekur ekki heiti staða til sögulegra persóna og fjallar ekki um dásamleg nöfn yfir dýrahópa á borð við *exaltation of larks*. Því ég ætla ekki að skrifa um enska tungu eða nokkurt annað tungumál, heldur um sjálft undirstöðuatriðið, þann meðfædda eiginleika okkar að læra, tala og skilja tungumál. Í fyrsta sinn í sögunni er eitthvað til að skrifa um í þessu samhengi. Fyrir um það bil þrjátíu og fimm árum urðu til ný fræði. „Hugræn fræði“, eins og þau eru kölluð núorðið, tengja saman verkfæri úr sálfræði, tölvunarfræði, málvísindum, heimspeki og taugalíffræði til að skýra hvernig mannleg greind starfar. Einkum hafa orðið gríðarlegar framfarir á sviði málvísinda á þessu tímabili. Við erum nálægt því að skilja mörg fyrirbrigði í málinu eins vel og við skiljum hvernig myndavél virkar eða til hvers við erum með milta. Ég vonast til að geta komið þessum spennandi uppgötvunum til skila; sumar þeirra eru með þeim glæsilegustu sem hafa verið gerðar á sviði nútímavísinda, en það er líka annað sem vakir fyrir mér.

Nýlegar uppgötvanir um málhæfi hafa haft byltingarkennd áhrif

á skilning okkar á tungumálinu og hlutverki þess í samskiptum manna, en einnig á sýn okkar á mannkynið sjálft. Flest menntað fólk hefur myndað sér skoðanir um tungumálið. Það veit að það er mikilvægasta uppfinningin í menningu mannsins, fullkomið dæmi um hæfni hans til að nota tákni, og að líffræðilega er það einstakt fyrirbrigði sem aðgreinir hann endanlega frá öðrum skepnum. Það veit að tungumálið gegnsýrir hugsunina, að mismunandi tungumál valda því að málhafar þeirra túlka veruleikann á mismunandi hátt. Það veit að börn læra að tala af þeim sem annast þau og eru þeim fyrirmynd. Það veit að málfræðikennsla fór áður fram í skólunum, en að minnkandi menntunarkröfur og ómerkileg dægurmenning hafa leitt til skelfilegrar hnignunar í getu venjulegs fólks til að setja saman málfræðilega rétta setningu. Það veit einnig að enskan er skrítið og órókrétt tungumál, að menn aka eftir *parkway* (breiðstræti) og leggja bílum sínum á *driveway* (heimreið), *play at a recital* (leika á tónleikum) og *recite at a play* (flytja texta í leikriti). Það veit að ensk stafsetning gengur enn lengra í þessari vitleysu – George Bernad Shaw kvartaði yfir því að það væri alveg eins skynsamlegt að skrifa orðið *fish* sem *ghoti* (*gh* eins og það er borið fram í *tough*, *o* eins og það er borið fram í *women* og *ti* eins og það er borið fram í *nation*) – og að ekkert nema sofandaháttur kerfisins kemur í veg fyrir að tekin sé upp rökréttari stafsetning þar sem orðin eru skrifuð samkvæmt hljóðan sinni.

Á blaðsíðunum hér á eftir ætla ég að reyna að sannfæra ykkur um að allar þessar almennu skoðanir séu rangar! Og þær séu allar rangar af einni ástæðu. Tungumál er ekki menningarleg afurð sem við lærum á sama hátt og við lærum á klukku eða hvað er sambandsríki. Þess í stað er það sérstakur þáttur í líffræðilegri samsetningu heilans. Tungumál er flókin og sérhæfð færni sem þróast sjálfkrafa með barninu, án meðvitaðs átaks eða formlegrar kennslu, það er notað án þess að menn átti sig á undirliggjandi rökfestu þess, eiginleikar þess eru þeir sömu hjá öllum einstaklingum og það sker sig frá almennari getu til að vinna úr upplýsingum eða haga sér skynsamlega. Af þessum sökum hafa sumir fræðimenn á sviði hugrænna vísinda lýst tungumálinu sem sálrænni færni (e. *psychological faculty*), líffæri hugans (e. *mental organ*), taugakerfi (e. *neural system*) og kerfiseiningu (e. *computational module*). En ég kys að nota hugtakið „edlishvöt“ þó

að það kunnir að virðast skrítið. Það felur í sér að fólk kunnir að tala nokkurn veginn á sama hátt og köngulær kunna að spinna vef. Það var ekki einhver lítt þekktur köngulóarsnillingur sem fann upp á því að spinna vef og vefurinn er ekki undir því kominn að köngulærnar hafi hlotið viðeigandi menntun eða búi yfir hæfileikum í arkitektúr eða byggingariðnaði. Köngulær spinna köngulóarvefi af því að þær eru með köngulóarheila sem veldur hvötinni til að spinna og færninni til að geta það. Þó að munur sé á köngulóarvef og orðum hvet ég ykkur til að líta á tungumálið á þennan hátt því það auðveldar okkur að átta okkur á þeim fyrirbrigðum sem við ætlum að kanna.

Ef við hugsum okkur tungumál sem eðlishvöt umturnar það almennum skoðunum, einkum eins og þær hafa verið settar fram innan ráðandi hug- og félagsvísinda. Tungumál er ekki menningarleg uppfinning frekar en upprétt staða. Það er ekki vitnisburður um almenna færni til að nota tákni; við getum séð að þriggja ára barn er málfræðisnillingur en algerlega vanhæft á sviði sjónlista, trúarlegra myndtákna, umferðarmerkja og annarra undirstöðuatriða innan táknafræðinnar. Þó að tungumálið sé stórkostlegur hæfileiki sem aðeins *Homo sapiens* býr yfir meðal núlifandi tegunda kallar það ekki á að við fjarlægjum mannkynið af sviði líffræðinnar því að það er alls ekki einstakt í dýraríkinu að aðeins ein tiltekin lifandi tegund búi yfir stórkostlegum hæfileika. Sumar tegundir leðurblakna veiða fljúgandi skordýr með hljóðbylgjunemum. Sumar tegundir farfugla fljúga mörg þúsund kílómetra með því að taka mið af stöðu himintunglanna eftir árstíma og tíma dagsins. Í hæfileikasýningu náttúrunnar erum við einfaldlega tegund prímata sem getur sýnt sitt eigið atriði, við höfum lag á að koma til skila upplýsingum um hver gerði hverjum hvað með því að gefa frá okkur mismunandi hljóð þegar við öndum frá okkur.

Ef við lítum ekki lengur á tungumálið sem ólýsanlegt innsta eðli sem gerir mannkynið einstakt, heldur sjáum það sem líffræðilega aðlögun sem gerir okkur kleift að koma frá okkur upplýsingum, verður síður freistandi að telja að tungumálið móti hugsun okkar á lævísan hátt, enda er það ekki þannig eins og við munum sjá hér á eftir. Ef við lítum auk þess á tungumálið sem eitt af tækniundrum náttúrunnar – líffæri sem hefur öðlast „fullkomnun í formgerð og

gagnkvæmri aðlögun, sem svo réttilega vekur aðdáun vora“, svo að ég vitni í Darwin,² vaknar með okkur áður óþekkt virðing fyrir meðaljóninum og hinni illræmdu ensku tungu (eða hvaða tungumáli sem er). Flókið eðli tungumálsins er frá sjónarhóli vísindamanna hluti af fæðingarrétti okkar; það er ekki eitthvað sem foreldrar kenna börnum sínum eða eitthvað sem þarf að vinna með í skóla – eða eins og Oscar Wilde sagði: „Menntun er aðdáunarverð en það er hollt að minnast þess öðru hverju að ekki er hægt að kenna neitt af því sem er þess virði að vita það.“ Dulin málfræðiþekking forskólabarns er margbrotnari en þykkasti málfræðidóðrantur eða háþróaðasta forritunarmál, og það sama á við um málfræðiþekkingu allra heilbrigðra manna, meira að segja alræmdra atvinnuþrótta- manna með sínar brengluðu setningar og, hérna, þú veist, bögu- mæltra unglunga á hjólabrettum. Við munum líka sjá að þar sem tungumálið er afurð vel hannaðrar líffræðilegrar eðlishvatar er það ekki eins skemmtilega klikkað og spaugsamir málfarspistlahöfundar vilja vera láta. Ég ætla að reyna að endurheimta svolitla virðingu til handa enskri tungu og hyggst jafnvel segja ýmislegt fallett um enska stafsetningu.

Hugmyndin um tungumál sem eins konar eðlishvöt var fyrst orðuð af sjálfum Darwin árið 1871. Í bók sinni *The Descent of Man* þurfti hann að glíma við tungumálið því sú staðreynd að það einskorðaðist við manninn virtist geta grafið undan kenningu hans. Eins og ævinlega eru athuganir hans undarlega nútímalegar:

Eins og ... einn af upphafsmönnum hinna göfugu málvísinda bendir á er beiting tungumálsins færni eins og ölgerð og bakstur, þó að betur hefði hæft að líkja henni við skriftir. Hún er vissulega ekki sönn eðlishvöt því að öll tungumál þarf að læra. Aftur á móti er hún verulega frábrugðin allri venjulegri færni því að maðurinn hefur eðlislæga tilhneigingu til að tala, eins og hjalandi smábörn eru til vitnis um, en ekkert barn hefur eðlislæga tilhneigingu til að brugga, baka eða skrifa. Auk þess gerir enginn mál- vísindamaður ráð fyrir því núorðið að nokkurt tungumál hafi verið búið til meðvitað, þau hafa þróast hægt og ómeðvitað í mörgum skrefum. (Darwin 1874: 101–102)

2 Þýðing Guðmundar Guðmundssonar, úr Charles Robert Darwin. 2004. *Uppruni tegundanna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag (bls. 59).

Darwin komst að þeirri niðurstöðu að málhæfi væri „eðlislæg tilhneiging til að temja sér færni,“ en slík tilhneiging einkennir ekki aðeins mennina heldur kemur hún einnig fram hjá öðrum tegundum, svo sem fuglum sem læra að syngja.

Að tungumálið sé eðlishvöt kemur ef til vill illa við þá sem líta á tungumálið sem æðsta sköpunarverk mannhugans og telja að eðlishvöt sé dýrslæg hvöt sem knýr loðin eða fiðruð viljalaus verkfæri til að byggja stíflur eða taka flugið suður á bóginn. En einn af sporgöngumönnum Darwins, William James, benti á að sá sem býr yfir eðlishvöt sé ekki dæmdur til að haga sér eins og vélmenni. Hann færði rök að því að við byggjum öll yfir sömu eðlishvötum og dýrin, og mörgum fleiri að auki; sveigjanleg hugsun okkar stafar af samspili margra eðlishvata sem eru í samkeppni hver við aðra. Reyndar eigum við erfitt með að líta á mannlega hugsun sem eðlishvöt einmitt fyrir þá sök að hún er eðlishvöt:

Það þarf ... huga spilltan af lærdómi til að ganga svo langt í að gera hið náttúrlega undarlegt að spyrja um ástæðu einhvers sem manningum er eðlislægt að gera. Aðeins frumspækingi gæti dottið í hug að spyrja: Af hverju brosum við í stað þess að yggla okkur þegar við erum ánægð? Af hverju getum við ekki talað við fjölda af fólki á sama hátt og við tölum einslega við vin? Af hverju kemur ákveðin stúlka okkur í slíkt uppnám? Venjulegur maður getur aðeins sagt: „*Auðvitað* brosum við, *auðvitað* fáum við hjartslátt þegar við stöndum frammi fyrir fjölda manns, *auðvitað* elskum við stúlkuna, þessa fögru sál í svo fullkomnum líkama, hún er svo bersýnilega og blygðunarlaust sköpuð til að vera elskuð um alla eilífð!“

Og sennilega finnst öllum dýrum þetta líka um það sem þau hneigjast til að gera í viðurvist þess sem þau hafa áhuga á ... Í huga ljónsins er ljónynjan sköpuð til að vera elskuð; í huga bjarnarins er það birnan. Eggsjúkri hænu fyndist líklega óhugsandi að í heiminum væri til lífvera sem liti ekki á hreiður fullt af eggjum sem eitthvað dásamlegt og heillandi sem hún fengi aldrei nóg af að liggja á.

Við getum þess vegna verið viss um að sama hversu dularfullar ákveðnar eðlishvatir dýra eru í okkar augum eru eðlishvatir okkar ekki síður dularfullar í augum þeirra. Og við getum dregið þá ályktun að því dýri sem bregst við af eðlishvöt finnist allt það sem knýr það áfram skref fyrir skref til að fullnægja hvötinni vera gild ástæða sem lýtur eigin rökum og

Þá stundina það eina sem er ævinlega rétt og við hæfi að gera. Hvílikur sælustraumur fer ekki um fluguna sem uppgötvar loks hið eina sanna laufblað eða hræ eða mykjuhaug, það eina í öllum heiminum sem getur örvað hana til að tæma varppípuna? Finnst henni þá ekki að það eina rétta sé að verpa? Og þarf hún að hugleiða eða vita eitthvað um verðandi lírfuna og fæðu hennar? (James 1920: 394)

Ég get ekki orðað betur það sem einkum vakir fyrir mér. Notkun tungumálsins er okkur eins ómeðvituð og ástæður flugunnar til að verpa. Hugsanir okkar streyma svo áreynslulaust út um munninn að oft verða þær okkur til skammar hafi þær sloppið fram hjá ritskoðurum hugans. Þegar við skiljum setningar er straumur orðanna gagnsær; við sjáum merkinguna skína í gegn svo ósjálfrátt að við getum gleymt því að kvikmynd er á erlendu tungumáli og textuð. Við höldum að börn læri móðurmálið með því að herma eftir mæðrum sínum, en þegar barn segir *Don't giggle me!* eða *We holded the rabbits*, getur það ekki verið að herma eftir neinum. Ég ætla að spilla huga ykkar með lærdómi svo að ykkur finnist þessir eðlislægu hæfileikar undarlegir, svo að þið spyrjið „af hverju“ og „hvernig“ um þessa færni sem virðist svo hversdagsleg. Fylgist með glímu nýbúa við nýtt tungumál eða glímu sjúklings sem fékk heilablóðfall við móðurmálið, sundurgreinið glefsur úr barnamáli eða reynið að forrita tölvu til að skilja ensku, hversdagslegt tal fær þá á sig aðra mynd. Áreynsluleysið, gagnsæið og ósjálfráður skilningur okkar eru blekking sem dylur ákaflega fjölbreytt og fagurt kerfi.

Á 20. öld leiddi málvísindamaðurinn Noam Chomsky þekktustu rökin að því að tungumálið væri eins og eðlishvöt, hann varð fyrstur til að afhjúpa hið flókna kerfi og ber ef til vill mesta ábyrgð á þeirri byltingu sem orðið hefur í nútímamálvísindum og hugrænum fræðum. Á 6. áratug aldarinnar réð atferlisstefnan ríkjum innan félagsvísinda, fræði sem John Watson og B. F. Skinner gerðu vinsæl. Huglæg orð á borð við „vita“ og „hugsa“ voru dæmd óvísindaleg; orðin „hugur“ og „meðfæddur“ þóttu dónaleg. Atferli var útskýrt með nokkrum lögmálum um lærdóm sem áreiti og svörun eins og kom fram hjá rottum sem þrýstu á stangir og hundum sem slefuðu þegar þeir heyrðu ákveðið hljóð. En Chomsky vakti athygli á tveimur grundvallarstaðreyndum um tungumál. Í

fyrsta lagi eru nánast allar setningar sem manneskja segir eða skilur alveg nýjar samsetningar orða sem verða til í fyrsta sinn í sögu heimsins. Þess vegna getur tungumál ekki verið fyrirfram tilbúið safn af svörum; í heilanum hlýtur að vera forskrift eða forrit sem getur sett saman óendanlegan fjölda setninga úr endanlegum orðafjölda. Þetta forrit mætti kalla málfræði hugans (og má ekki rugla saman við kennslu- eða skólamálfraði sem er ekki annað en reglur um viðeigandi framsetningu ritmáls). Hin grundvallarstaðreyndin er að börn tileinka sér þessa flóknu málfræði fljótt og án formlegrar kennslu og ná þroska til að túlka skipulega nýjar setningagerðir sem þau hafa aldrei fyrr rekist á. Þess vegna, sagði hann, hljóta börn að búa yfir meðfæddu reglukerfi sem er málfræði allra tungumála sameiginlegt, algildismálfræði (e. *Universal Grammar*) sem segir þeim hvernig þau eiga að greina setningafræðileg mynstur í tali foreldra sinna. Chomsky orðaði þetta á eftirfarandi hátt:

Það er undarleg staðreynd í vitsmunasögu undanfarinna alda að menn hafa nálgast líkamlega og andlega þróun með alveg ólíkum hætti. Enginn tæki alvarlega þá uppástungu að mannlíkaminn lærði af reynslu að vera með handleggi fremur en vængi, eða að grundvallarsamsetning ákveðinna líffæra orsakadist af handahófskenndri reynslu. Menn telja miklu frekar víst að erfðafræðilegir þættir ráði byggingu lífvera þó að auðvitað velti breytileg stærð, þróunarstig og fleira að einhverju leyti á utanaðkomandi þáttum ...

Oft er fjallað um þróun persónuleika, hegðunarmynstra og innviða hugans hjá æðri lífverum á allt annan hátt. Almennt er gert ráð fyrir að félagslegt umhverfi sé ráðandi þáttur á því sviði. Þróun hugans í tíma er talin hrein hending; ekki er til neitt „mannlegt eðli“ að undanskildu því sem þróast sem sérstök söguleg afurð ...

En séu innviðir mannhugans rannsakaðir af alvöru reynast þeir ekki síður stórkostlegir og flóknir en þau líkamlegu kerfi sem þroskast á mannsævinni. Af hverju skyldum við þá ekki rannsaka tileinkun hugrænnar þekkingar á borð við tungumálanám nokkurn veginn á sama hátt og við rannsökum eitthvert flókið líffæri líkamans?

Þessi tillaga gæti virst fáránleg við fyrstu sýn, þó ekki væri fyrir annað en hina miklu fjölbreytni tungumála. En nánari íhugun bægir efasemdunum frá. Þó að við vitum afar lítið óyggjandi um algildi í

málvísindum getum við verið viss um að möguleg fjölbreytni tungumáls er skýrt afmörkuð ... Það tungumál sem hver manneskja tileinkar sér er auðug og flókin samsetning en fullkomlega vanákvörðuð (e. *underdetermined*) vegna þess að sú vitneskja sem er tiltæk [barninu] er brotakennd. Eigi að síður hafa einstaklingar í málsamfélagi í meginatriðum þróað með sér sama tungumálið. Þá staðreynd er aðeins hægt að skýra með því að gera ráð fyrir að þessir einstaklingar noti mjög takmarkandi (e. *restrictive*) reglur sem stýra uppbyggingu málfræðinnar. (Chomsky 1975: 9–11)

Með því að skilgreina með nákvæmri tækni setningar sem venjulegt fólk samþykkir sem móðurmál sitt þróuðu Chomsky og aðrir málvísindamenn kenningar um málfræði hugans, sem liggur að baki þekkingu manna á ákveðnum tungumálum, og algildismálfræði sem liggur að baki þessum tungumálum. Strax í upphafi varð starf Chomskys hvatning fyrir aðra vísindamenn, þ. á m. Eric Lenneberg, Georg Miller, Roger Brown, Morris Halle og Alvin Liberman, til að opna algerlega ný svið í tungumálarannsóknum, allt frá málþroska barna og málskilningi til tauga- og erfðafræði. Nú á tímum fást þúsundir vísindamanna við að rannsaka þær spurningar sem hann vakti máls á. Chomsky er á okkar dögum meðal þeirra tíu höfundar sem oftast er vitnað í á öllum sviðum hugvísinda (hann slær við Hegel og Cícero, og aðeins Marx, Lenín, Shakespeare, Biblían, Aristóteles, Platón og Freud hafa betur en hann) og sá eini þeirra tíu efstu sem enn er á lífi.

En hvað þessar tilvitnanir í verk hans þýða er önnur saga. Chomsky æsir menn upp. Viðbrögðin spanna allt frá lotningarfullri aðdáun sem aðeins gúrúar í skrýtnum trúarreglum eru vanir að njóta til nístandi fúkyrða sem fræðimenn hafa þróað í æðra listform. Öðrum þræði er ástæðan sú að Chomsky ræðst á það sem enn er ein af undirstöðum fræðimennsku á 20. öld – „staðlaða félagsfræðilíkanið“ (e. *Standard Social Science Model*), en samkvæmt því mótast hugur manna af menningarsamfélaginu sem þeir búa í. En staðreyndin er einnig sú að enginn hugsuður getur leyft sér að hunsa Chomsky. Einn harðasti gagnrýnandi hans, heimspekingurinn Hilary Putnam, segir:

Þegar við lesum Chomsky leynir sér ekki að hann er skarpgreindur; við vitum að við stöndum andspænis óvenjulegum hugsuði. Og ástæðan er ekki síður töfrandi sterkur persónuleikinn en augljósir andlegir burðir: frumleiki, fyrirlitning á tískubólum og yfirborðsmennsku; vilji til að endurvekja (og getan til að endurvekja) viðhorf (svo sem kenninguna um „meðfæddar hugmyndir“) sem virtust úrelt; áhugi á málefnum sem skipta ævinlega meginmáli, svo sem gerð mannhugans. (Piatelli-Palmarini 1980: 287)

Sagan sem ég hyggst segja í þessari bók er vitanlega undir miklum áhrifum frá Chomsky. En þetta er ekki saga hans nákvæmlega og ég mun ekki segja hana eins og hann myndi gera. Chomsky hefur valdið mörgum lesendum heilabrotum með efasemdum sínum um hvort náttúruval Darwins (andstætt annars konar þróunarferli) geti útskýrt uppruna tungumálalíffærisins (e. *language organ*) sem hann segir máleiginleikann vera; ég held að það sé gagnlegt að líta svo á að tungumál hafi farið í gegnum þróun og aðlögun líkt og augað, að meginhlutar þess séu hannaðir til að gegna mikilvægu hlutverki. Og rök Chomskys um eðli máleiginleikans byggjast á tæknilegri skilgreiningu orða og setningagerða, sem er oft sett fram af torræðri formfestu. Það sem hann segir um málnotendur af holdi og blóði er yfirborðslegt og ákaflega einfaldað. Þó að ég sé sammála ýmsum af rökum hans tel ég að niðurstaða um mannhugann geti aðeins orðið sannfærandi ef margs konar sannanir koma saman til að styðja hana. Því er sagan sem sögð er í þessari bók spunnin úr hugmyndum úr öllum áttum, allt frá því hvernig DNA byggir upp heilann til predikana þeirra sem skrifa málfarspistla í dagblöðin. Réttast væri að byrja á að spyrja af hverju við ættum að láta okkur detta í hug að mannlegt mál sé hluti af líffræði mannsins, að það sé eðlishvöt.

Málvendirnir³

Ímyndið ykkur að þið séuð að horfa á náttúrulífsmynd. Í myndinni eru hefðbundin og hrífandi myndskreið með dýrum í sínu náttúrlega umhverfi. En þulurinn greinir frá óþægilegum staðreyndum.

3 „The Language Mavens“. 12. kafli í *The Language Instinct* (bls. 328–418). Orðið „málvendir“ er hér notað í merkingunni skömmóttir málvöndunarmenn.

Höfrungarnir taka ekki réttu sundtökin. Kúftittlingarnir tísta hirðuleysislega. Meisan gerir sér hreiður á rangan hátt, pöndur halda á bambusnum í öfugum hrammi, í söng hnúfubaksins eru nokkrar vel þekktar villur og óreiða og hnignun hefur einkennt öskur aþanna öldum saman. Þið mynduð líklega velta fyrir ykkur hvað það merkti að í söng hnúfubaksins væru „villur“. Er ekki söngur hnúfubaksins það sem hnúfubakurinn ákveður að syngja? Hver er hann annars, þessi þulur?

Þegar kemur að tungumálinu finnst flestum að slíkar fullyrðingar séu ekki aðeins merkilegar heldur sé ástæða til að hafa áhyggjur. Nonni getur ekki myndað málfræðilega tæka setningu. Um leið og slaknar á menntunarkröfum og dægurmenningin breiðir út óskýrt þvaður og óskiljanlegt tungutak brimbrettakappa, íþróttamanna og tískudrösa, erum við að breytast í þjóð sem er upp til hópa ólæs og óskrifandi: Við notum orðið *hopefully* á rangan hátt, ruglum saman sögnunum *lie* og *lay*, notum orðið *data* eins og það væri nafnorð í eintölu, tengjum lýsingarhættina rangt. Enskunni mun stöðugt hraka nema við snúum okkur aftur að undirstöðuatriðum hennar og berum virðingu fyrir tungunni á ný.

Í augum málvísindamanns eða málsálfræðings er tungumálið auðvitað eins og söngur hnúfubaksins. Við komumst að því hvort setning er „málfræðilega rétt“ með því að leita til þeirra sem tala tungumálið og spyrja þá. Séu menn ásakaðir um að tala „vitlaust“ á sínu eigin móðurmáli, eða vera sífellt að brjóta „reglu“, hlýtur að liggja í loftinu einhver önnur merking í orðunum „málfræðilega rétt“ og „regla“. Reyndar er sú útbreidda skoðun að fólk kunni ekki sitt eigið móðurmál til óþæginda í málvísindarannsóknum. Spurningu sem málvísindamaður leggur fyrir heimildarmann um einhverja málvenju hans (til dæmis hvort hann segi *sneaked* eða *snuck*) er oft svarað með einlægri gagnspurningu: „Æ, ég þori ekki að taka áhættuna, hvort er rétt?“

Í þessum kafla ætti ég að reyna að leysa úr þessari mótsögn. Þið munið eftir Ermu Bombeck sem skrifaði pistla um málfar og dró í efa að til væru málfræðigen af því að maðurinn hennar kenndi þrjátíu og sjö menntaskólanemum sem héldu að „bömmar“ væri setning. Þið gætuð einnig haft ykkar efasemdir: Ef tungumálið er okkur jafneðlislægt og köngulónni er eðlislægt að spinna vef, ef öll

Þriggja ára börn eru málfræðisnillingar, ef setningafræðin er skráð í erfðaeftni okkar og tengd við heilann, hvernig stendur þá á því að svona illa er komið fyrir enskri tungu? Af hverju virðast venjulegir Bandaríkjamenn tómir rugludallar í hvert sinn sem þeir opna munninn eða stinga niður penna?

Mótsögnin sprettur af þeirri staðreynd að orðin „regla“, „málfræðilega réttur“ og „málfræðilega rangur“ hafa gjörólíka merkinu í augum vísindamanns og leikmanns. Reglur sem fólk lærir (eða getur ekki lært öllu heldur) í skóla eru kallaðar *forskriftarreglur*, þær mæla fyrir um hvernig við „ættum“ að tala. Vísindamenn sem stunda tungumálarannsóknir fást við *lýsandi* reglur sem lýsa því hvernig menn tala. Þetta er tvennt ólíkt og það er gild ástæða til þess að vísindamenn einbeita sér að lýsandi reglum.

Í huga vísindamanns er grundvallarstaðreyndin um tungumálið hvað það er hreint og beint með ólíkindum. Flest fyrirbæri heimsins – vötn, klettar, tré, ormar, kýr, bílar – eru ótalandi. Þegar menn tala nota þeir aðeins örlítið brot af öllum þeim hljóðum sem þeir geta gefið frá sér. Ég get raðað saman orðum sem lýsa því hvernig kolkrabbar maka sig eða hvernig á að fjarlægja bletti eftir kirsu-berjasósu; ef ég raða orðunum örlítið öðruvísi verður útkoman setning sem hefur aðra merkingu eða jafnvel enga. Hvernig getum við skýrt þetta kraftaverk? Hvað þyrfti til þess að smíða tæki sem gæti búið til nákvæma eftirmynd af mannlegu máli?

Við þyrftum augljóslega að byggja inn í það einhvers konar reglur, en hvers konar reglur? Forskriftarreglur? Ímyndið ykkur hvernig það væri að reyna að smíða talandi vél sem ætti að hlíta reglum á borð við „Ekki fleyga nafnhátt“ eða „Ekki láta setningu nokkurn tíma hefjast á *because*.“ Vélin yrði gagnslaus. Reyndar höfum við nú þegar tæki sem fleyga ekki nafnháttinn, þau heita skrufjárn, baðker, kaffivélar og svo framvegis. Forskriftarreglur eru gagnslausar án þeirra undirstöðureglna sem móta setningarnar, skilgreina nafnháttinn og skrá orðið *because* áður en nokkuð annað gerist. Á þessar reglur er aldrei minnst í málfarshandbókum eða kennslubókum í málfræði vegna þess að höfundarnir gera réttilega ráð fyrir að sá sem getur lesið þessar bækur hljóti að vera búinn að læra reglurnar. Ekki þarf að segja neinum, ekki einu sinni tískudrós frá Kaliforníu, að segja ekki *Apples the eat boy* eða *The child seems*

sleeping eða *Who did you meet John and?* eða aðrar þær endalausum samsetningar orða sem eru stærðfræðilega mögulegar í billjónatali. Þegar vísindamaður leiðir hugann að öllum þeim hátæknilega hugbúnaði sem þarf til að raða orðum í venjulegar setningar verða forskriftarreglur í besta falli ómerkilegt skraut. Sú staðreynd að þær þarf að æfa sýnir að þær eru framandi í náttúrlegri gerð málkerfisins. Við getum látið forskriftarreglur gagntaka okkur en þær koma mannamáli ekkert við, ekki frekar en sá mælikvarði sem er notaður til að dæma ketti á kattasýningum kemur líffræði spendýra við.

Þess vegna felst engin mótsögn í að segja að allt venjulegt fólk geti talað málfræðilega rétt (í merkingunni skipulega) og málfræðilega rangt (í merkingunni án forskriftar), rétt eins og það felst engin mótsögn í að segja að leigubíll hlíti lögmaðlum eðlisfræðinnar en brjóti lögin í Massachusetts. Þetta vekur hins vegar spurningu. Einhvers staðar hlýtur einhver að búa til reglur fyrir okkur hin um hvað sé „rétt enska“. Hver? Akademía enskrar tungu er ekki til og það er eins gott; tilgangur Frönsku akademíunnar er að skemmta blaðamönnum frá öðrum löndum með ákaflega umdeildum ákvörðunum sem Frakkar hunsu af léttúð. Ekki sátu neinir landsfeður á stjórnlagabingi um enska tungu í árdaga. Það kemur reyndar ekki á óvart að þeir sem setja lög um „réttta ensku“ tilheyri óformlegu neti yfirlesara, orðanefndarmanna, höfunda að handbókum um málfræði og ritun, enskukennara, ritgerðasmiða, málarspistlahöfunda og sjálfskipaðra spekinga. Þeir þykjast hafa til þess umboð af því að þeir hafi unnið að því að festa í gildi reglur sem hafi gagnast málinu vel í fortíðinni, ekki síst í verkum fremstu rithöfunda á enska tungu, og gert það skýrara, rökréttara, skipulegra, gagnordara, glæsilegra, samfelldara, nákvæmara, traustara, heilsteyptara og blæbrigðaríkara. (Sumir þeirra ganga lengra og segjast í raun standa vörð um getu manna til að *bugs*a skýrt og rökrétt. Það ætti ekki að koma á óvart að slík róttækni í anda Benjamins Lee Whorf sé algeng meðal þessara sjálfskipuðu spekinga; sá sem getur gerst fulltrúi sjálfrar rökvisinnar lætur sér varla nægja að kenna.) William Safire, sem skrifar vikulega pistilinn „On Language“ fyrir *New York Times Magazine*, kallar sjálfan sig *language maven* og grípur til jiddíska orðsins *maven* sem þýðir sérfræðingur. Það er reyndar hentug nafngift á allan hópinn.

En ég segi: *Maven, sbmaven!* Sér er nú hver sérfræðingurinn! Nær væri að tala um gambrara og nöldurskjóður (*kibbitzers and nudniks*). Hinar merku staðreyndir eru nefnilega þessar: Flestar forskriftarreglur málvandanna eru út í hött, hvernig sem á þær er litið. Þær eru brot af þjóðlegum fróðleik og urðu til af furðulegum ástæðum fyrir mörgum öldum og hafa viðhaldið sjálfum sér síðan. Eins lengi og þær hafa verið til hafa málnotendur virt þær að vettugi og vakið upp sama ramakveinið um yfirvofandi hrörnun tungunnar öld eftir öld. Allir bestu rithöfundar á enska tungu á öllum tímum, þar á meðal Shakespeare og flestir sérfræðingarnir sjálfir, hafa verið meðal þeirra sem sniðgengu reglurnar blygðunarlaust. Reglurnar samræmast hvorki rökvísi né hefð og væri þeim nokkurn tíma fylgt myndu þær þvinga rithöfunda til að skrifa óskýran, klaufalegan, margorðan, tvíræðan og óskiljanlegan texta þar sem ógerlegt væri að orða ákveðnar hugsanir. Flestar af þeim „fáfræðivillum“ sem þessar reglur eiga að leiðrétta búa reyndar yfir glæsilegri rökvísi og mikilli næmni fyrir málfræðilegri áferð málsins, en málvendirnir sjá það ekki.

Hneykslið í kringum málvendina hófst á átjándu öld. Lundúnir voru orðnar pólitísk og efnahagsleg miðja Englands og England var miðja valdamikils heimsveldis. Lundúnamállýskan varð skyndilega að mikilvægu heimsmáli. Fræðimenn tóku að gagnrýna hana eins og hún væri opinber stofnun eða listastofnun, öðrum þræði til að lýsa yfir efasemdum um hefðir og þar með vald hirðarinnar og hefðarfólksins. Enn litu menn á latínu sem tungu upplýsingar og lærdóms (og tungu álíka mikils heimsveldis) og bentu á hana sem fullkomna fyrirmynd þeirrar nákvæmni og rökvísi sem enskan ætti að stefna að. Á þessum tíma höfðu menn einnig tækifæri sem aldrei fyrir til að vinna sig upp í samfélaginu og sá sem vildi menntast og bæta sig og geta sér orð fyrir fágun varð að hafa á valdi sínu ensku af bestu gerð. Þetta viðhorf skapaði eftirspurn eftir uppfléttiritum og málfarshandbókum sem markaðsöflin mótuðu áður en langt um leið. Ensk málfræði var steypt í mót latneskrar málfræði og þessar bækur reyndust ungum latínunemendum vel í námi. Eftir því sem samkeppnin magnaðist reyndu höfundar handbókanna að skjóta hver öðrum ref fyrir rass með því að tína til æ fleiri og sífellt smásmugulegri reglur sem enginn fágaður maður gæti leyft sér að

hunsu. Flestar grýlur forskriftarmálfræði nútímans (ekki fleyga nafnhátt, ekki láta setningu enda á forsetningu) má rekja aftur til þessarar átjándu aldar dellsu.

Auðvitað er álíka mikið vit í að neyða enskumælandi nútímafólk til að ekki (*to not*) – afsakið, til að fleyga ekki (*not to*) nafnháttinn þar sem slíkt sé ekki gert í latínu og að neyða núlifandi íbúa Englands til að bera lærviðarsveiga og skikkjur. Júlíus Sesar hefði ekki getað fleygað nafnháttinn þótt hann hefði viljað það. Nafnháttur er eitt stakt orð í latínu, svo sem *facere* eða *dicere*, setningafræðileg frumeind. Enska er annars konar tungumál. Hún er „einangrandi“ tungumál (e. „*isolating*“ *language*), þar sem setningar eru byggðar á venslum margra einfaldrar orða í stað nokkurra flókinna. Nafnhátturinn er samsettur úr tveimur orðum – tengiorðinu *to* og sagnorði, svo sem *go*. Í eðli sínu eru orð einingar sem má umræða og það er engin hugsanleg ástæða til þess að atviksorð geti ekki staðið á milli þeirra:

Geimurinn – hin ystu mörk ... Hér verður sagt frá ferðum geimskipsins *Enterprise*. Í fimm ár mun það kanna nýja og ókunna heima, leita að nýju lífi og nýrri menningu, óttalaust stefna (*to boldly go*) þangað sem enginn hefur komið áður.

Stefna óttalaust (to go boldly) þangað sem enginn hefur komið áður? *Beam me up, Scotty*, það er ekkert vitsmunalíf herna niðri. Og bann við setningum sem enda á forsetningu (slíkar setningar eru óhugsandi í latínu af þeim góðu og gildu ástæðum að í latínu stýra forsetningarnar falli, ástæðum sem skipta ekki máli í hinni beygingasnaudu ensku), er regla við hverja við ættum ekki að sætta okkur (*is a rule up with which we should not put*), eins og Winston Churchill hefði orðað það.

En þegar forskriftarregla hefur verið innleidd er afar erfitt að uppræta hana, sama hversu hlægileg hún er. Meðal skóla- og bókmenntamanna eru þessar reglur knúðar af sama krafti og þeim sem viðheldur athöfnum á borð við lemstrun kynfæra og niðurlægingu nýnema við busavígslur. Ég mátti þola slíka niðurlægingu og hafði ekki meint af, hví skylduð þið ekki þola hana líka? Sá sem vogar sér að kollvarpa reglu með því að brjóta hana þarf sífellt að hafa

áhyggjur af að lesendur haldi að hann kunni ekki regluna frekar en að hann sé að bjóða henni byrginn. (Ég játa að þetta hefur fælt mig frá að fleyga nokkra nafnhætti sem hefði mátt fleyga.) Aðalatriðið er kannski að þar sem forskriftarreglur eru sálfræðilega svo óeðlilegar að aðeins þeir sem hafa notið viðeigandi menntunar geta farið eftir þeim, gegna þær hlutverki orðsins „sjibbólet“ (e. *shibboleth*) og einkenna það málfar sem aðgreinir fína fólkið frá lýðnum.

Hugtakið *shibboleth* (hebreskt orð sem þýðir „flaumur“) er úr Biblíunni:

Íbúar Gíleads settust um Jórdanarvöðin yfir til Efraím. Og þegar flóttamaður úr Efraím sagði: „Leyfið mér að fara yfir,“ þá sögðu íbúarnir í Gílead við hann: „Ert þú Efraímíti?“ Ef hann svaraði: „Nei,“ sögðu þeir við hann: „Segðu Sjibbólet.“ Ef hann sagði: „Sibbólet,“ og gætti þess ekki að bera það rétt fram gripu þeir hann og drápu hann við Jórdanarvöðin. Féllu þá fjörutíu og tvö þúsund af niðjum Efraíms. (Dómarabókinn 12: 5–6)

Ótti af þessu tagi hefur stjórnað forskriftarmálfræðimarkaðnum í Bandaríkjunum alla síðustu öld. Um gjörvallt landið töluðu menn enska mállýsku sem H. L. Mencken kallaði bandaríska tungu (e. *The American Language*), en sum af einkennum hennar eru frá elstu tímum nútímaenskunnar. Svo óheppilega vildi til að hún varð ekki viðurkennt mál ríkis og skóla og stór hluti „málfræði“- námsefnis í bandarískum skólum hefur beinst að því að útskúfa henni sem málfræðilega röngu, óvönduðu máli. Kunnugleg dæmi eru *aks a question, workin', ain't, I don't see no birds, he don't, them boys, we was*, og þátíðarmyndir á borð við *drug, seen, clumb, drowned* og *growed*. Heilsíðuauglýsingar birtust í tímaritum þar sem fullorðnu fólki sem hafði metnað en hafði ekki getað lokið skólagöngu var boðið bréfanámskeið, þær birtu lista af málfarsdæmum undir æpandi fyrrisögnumeinsog: „GERIR ÞÚ EINHVERJA AF ÞESSUM SKAMMARLEGU VILLUM?“



Málvendirnir halda því iðulega fram að bandarísk enska, sem víkur frá viðurkenndri ensku, sé ekki aðeins annars konar tungumál heldur ófágaðra og órókréttara. Þeir yrðu þó að viðurkenna að erfitt

gæti reynst að færa rök fyrir þessu ef horft er til sagnorða sem eru höfð óregluleg andstætt málvenju, svo sem *drag – drug* (og jafnvel enn frekar ef horft er til sagnorða sem eru andstætt málvenju höfð regluleg, svo sem *feeled* og *growed*). Eins og Richard Lederer bendir á hefur það gerst í „réttri“ ensku að: „Today we speak, but first we spoke; some faucets leak, but never loke. Today we write, but first we wrote; we bite our tongues, but never bote.“ Við fyrstu sýn virðast málfrasspekingarnir hafa meira til síns máls hvað varðar myndir sagna sem hafðar eru eins í öllum persónum, eins og í *He don't* og *We was*. En þessi tilhneiging hefur samt verið til staðar í viðurkenndri ensku í margar aldir. Enginn æsir sig yfir að við skulum vera hætt að nota sérstaka aðra persónu eintölu í sagnorðum, eins og til dæmis *sayest*. Og að því leyti eru mállýskurnar viðurkenndri ensku fremri, því að þeir sem tala mállýskurnar hafa yfir að ráða fornöfnum í annarri persónu fleirtölu eins og *y'all* og *youse*, en stöðluð enska hefur það ekki.

Nú eru verjendur staðlaðrar ensku líklegir til að draga fram hina illræmdu tvöföldu neitun, eins og í *I can't get no satisfaction*. Rökrétt er að þessar tvær neitanir eyði hvor annarri, segja þeir; háttvirtur Jagger er í raun að segja að hann sé ánægður. Lagið ætti að heita: „I Can't Get Any Satisfaction.“ En slík rökfærsla er ekki fullnægjandi. Mörg hundruð tungumál krefjast þess að neitunarorð sé haft einhvers staðar innan „sviðs“ (e. *scope*), eins og það er kallað í málvísindum, sagnorðs með neitun. Hin svokallaða tvöfalda neitun var málvenja í miðensku Chaucers og er fjarri því að vera hignunarmerki, og neitun í staðlaðri frönsku – eins og í *Je ne sais pas*, þar sem *ne* og *pas* eru hvort tveggja neitunarorð – er kunnuglegt dæmi úr nútímamáli. Reyndar er viðurkennd enska ekkert öðruvísi. Hvað þýða orðin *any*, *even* og *at all* í eftirfarandi setningum?

I didn't buy any lottery tickets.

I didn't eat even a single French fry.

I didn't eat fried food at all today.

Greinilega engin ósköp; við getum ekki notað þau án neitunarinnar eins og eftirfarandi undarlegu setningar sýna:

I bought any lottery tickets.
 I ate even a single French fry.
 I ate fried food at all today.

Þessi orð gegna nákvæmlega sama hlutverki og orðið *no* í þeirri bandarísku ensku sem ekki þykir gott mál, eins og í eftirfarandi setningu sömu merkingar, *I didn't buy no lottery tickets* – og *no* stendur með sögn með neitun. Eini munurinn er að í þeirri ensku sem ekki er viðurkennt mál var orðið *no* valið, en í viðurkenndu máli var það orðið *any*, þar fyrir utan þýða þau nánast það sama. Og eitt í viðbót. Í málfræði viðurkenndrar ensku gerir tvöföld neitun setningu *ekki* jákvæða. Engum dytti í hug að segja, *I can't get no satisfaction* bara sisona til að státa sig af því hvað hann ætti létt með að njóta ánægju. Við ákveðnar aðstæður mætti nota þessa setningargerð til að eyða undanfarandi neitun í setningunni, en að eyða neitun jafngildir ekki því að lýsa yfir jákvæðri merkingu og þó svo væri væri líklega aðeins hægt að gera það með því að leggja þunga áherslu á neitunarorðið, eins og í því ólíklega dæmi sem hér fylgir:

As hard as I try not to be smug about the misfortunes of my adversaries,
 I must admit that I can't get *no* satisfaction out of his tenure denial.

Þess vegna er það hreinn einstrengingsháttur að segja að sú mynd sem ekki er viðurkennd geti valdið ruglingi.

Lítill tilfinning fyrir hljóðfalli (áherslum og hrynjandi) og van-kunnátta í undirstöðureglum um mælt mál og mælskufræði eru málvöndunum drjúg uppspretta umvandana. Íhugið meintan glæp ungmenna nú á dögum, orðalagið *I could care less*. Unglingarnir eru að reyna að láta í ljós fyrirlitningu, segja þeir fullorðnu, og ættu þess vegna að segja, *I couldn't care less*. Ef þeim getur staðið meira á sama en þeim gerir þýðir það að þeim stendur ekki á sama, öfugt við það sem þeir eru að reyna að segja. En ef þessir gaurar gætu hætt að skamma unglunga og skönnuðu setninguna betur sæju þeir að þessi rök eru tóm þvæla. Ímyndið ykkur hvernig þessar tvær setningar eru sagðar:

COULDN'T	care	I
	LE	CARE
i	ESS.	LE
		could
		ESS.

Hljómfallið og áherslurnar eru allt aðrar, og ekki að ástæðulausu. Seinni setningin er ekki órókrétt, hún er *háð*. Háð felst í fullyrðingu sem er greinilega ósönn eða sögð með áberandi tilgerðarlegum áherslum til að gefa í skyn af ásettu ráði andstæðu þess sem í orðunum felst. Ágæt umorðun setningarinnar væri, „*Oh yeah, as if there was something in the world that I care less about.*“

Stundum er svokölluð málfræðileg „villa“ rökrétt, ekki aðeins í merkingunni „skynsamleg“ heldur af því að hún virðir þann greinarmun sem formfastur rökfræðingur myndi gera. Íhugið eftirfarandi meinta málvillu sem nánast allir málvendirnir fetta fingur út í:

Everyone returned to their seats.

Anyone who thinks a Yonex racquet has improved their game, raise your hand.

If anyone calls, tell them I can't come to the phone.

Someone dropped by but they didn't say what they wanted.

No one should have to sell their home to pay for medical care.

He's one of those guys who's always patting himself on the back.

[Tilvitnun í Holden Caulfield í *Bjargvætturinn í grasinu* eftir J. D. Salinger]

Þeir segja: *everyone* þýðir *every one*, frumlag í eintölu, sem getur ekki tekið með sér fornafn í fleirtölu eins og *them* síðar í setningunni. „Everyone returned to *his* seat,“ heimta þeir. „If anyone calls, tell *him* I can't come to the phone.“

Ef þessar leiðbeiningar væru ætlaðar ykkur væruð þið kannski farin að ókyrrast svoltiði á þessu stigi málsins. *Everyone returned to his seat* hljómar eins og menn hefðu uppgötvað Bruce Springsteen meðal áhorfenda í hléi og allir sem einn flykkst að sætinu hans til að fá eiginhandaráritun. Ef líklegt má telja að sá sem hringir sé kona er skrítið að biðja herbergisfélagann að segja *honum* eitthvað (jafnvel

þó að þið kippið ykkur almennt ekki upp við „karllægt tungumál“). Áhyggjur ykkar – sem allir einlægir málvísindamenn ættu að líta á sem hættumerki – eru fullkomlega rökréttar í þessu sambandi. Næst þegar þið hljótið ofanígjöf fyrir að syndga skuluð þið spyrja montrassinn hvernig þið ættuð að leysa eftirfarandi:

Mary saw everyone before John noticed them.

Fylgist með honum engjast sundur og saman meðan hann íhugar hina fullkomlega óskiljanlegu „leiðréttingu“, *Mary saw everyone before John noticed him*.

Þið, Holden Caulfield og allir nema málvendirnir skiljið ósjálf-rátt að það er ekki rökrétt að *everyone* og *they* séu „undanfari“ og „fornafn“ sem vísa til sömu manneskjunnar, en það myndi krefjast þess að orðin væru höfð í sömu tölu. Þau eru „magnorð“ og „bundin breyta“ sem felur í sér annars konar röklegt samband. *Everyone returned to their seats* þýðir, „Allir X, X settist aftur í sæti X.“ Þetta „X“ vísar ekki til neinnar sérstakrar manneskju eða hóps af mönnum; það er einfaldlega staðgengill (e. *placeholder*) sem hendir reiður á þeim hlutverkum sem orðin gegna í mismunandi samböndum. Í þessu tilviki er X-ið sem fær sér aftur sæti sama X-ið og á sætið sem X sest aftur í. Orðið *their* er reyndar ekki í fleirtölu í setningunni því að það vísar hvorki til eins né fleiri; það vísar hreint ekki til neins. Sama gildir um þann sem hugsanlega hringir; kannski hringir einn, kannski enginn, eða kannski hringir fjöldinn allur af aðdáendum; aðalatriðið er að í hvert sinn sem einhver hringir, ef einhver hringir, á að vísa honum frá og ekki einhverjum öðrum.

Gild rök hníga til þess að breytur eru ekki það sama og hin betur þekktu „tilvísandi“ fornöfn sem kalla á tölusamræmi (*he* merkir einhvern ákveðinn náunga, *they* merkir ákveðinn hóp af náungum). Sum tungumál eru tillitssöm og bjóða málhöfum sínum mismunandi orð fyrir tilvísandi fornöfn og fyrir breytur. En enskan er nísk; þegar málhafi þarf að nota breytu verður hann að notast við tilvísandi fornafn. Þar sem breytur eru ekki raunveruleg tilvísandi fornöfn heldur samyrði er engin ástæða til að sú ákvörðun almennings að nota *they*, *their*, *them* sé eitthvað verri en meðmæli forskriftarmanna

um að nota *he, him, his*. Reyndar hefur *they* þann kost að það á við um bæði kyn og hentar í fjölbreyttari setningagerðir.

Í tímans rás hafa málvendirnir harmað hvernig enskumælandi menn breyta nafnorðum í sagnir. Á 20. öld hafa eftirfarandi sagnorð öll verið fordæmd:

to caveat	to input	to host
to nuance	to access	to chair
to dialogue	to showcase	to progress
to parent	to intrigue	to contact
	to impact	

Eins og þið sjáið spanna þau allt frá því að vera misjafnlega klaufaleg til þess að vera alveg óaðfinnanleg. Reyndar hefur það verið þáttur í enskri málfræði öldum saman að auðvelt er að breyta nafnorðum í sagnorð; það er eitt af því sem gerir ensku að ensku. Ég hef áætlað að um það bil fimmtungur allra enskra sagnorða hafi upphaflega verið nafnorð. Ef aðeins er litið til líkamshluta geta enskumælandi menn *head a committee, scalp the missionary, eye a babe, nose around the office, mouth the lyrics, gum the bisquit, begin teething, tongue each note on the flute, jaw at the referee, neck in the back seat, back a candidate, arm the militia, shoulder the burden, elbow your way in, hand him a toy, finger the culprit, knuckle under, thumb a ride, wrist it into the net, belly up to the bar, stomach someone's complaints, rib your drinking buddies, knee the goalie, leg it across town, heel on command, foot the bill, toe the line* og ýmislegt annað sem ég get ekki haft eftir í bók um tungumál fyrir alla fjölskylduna.

Hvert er vandamálið? Menn virðast hafa áhyggjur af að modhausar séu smám saman að þurrka út muninn á nafnorðum og sagnorðum. Enn einu sinni er almenningi ekki sýnd nokkur virðing. Ég minni á fyrirbrigði sem við rákumst á í 5. kafla: í orðasambandinu *to fly out*, sem notað er í hafnabolta, er þátíðin *flied*, ekki *flew*; sömuleiðis segjum við *ringed the city*, ekki *rang*, og *grandstanded*, ekki *grandstood*. Þetta eru sagnorð sem voru dregin af nafnorðum (*a pop fly, a ring around the city, a grandstand*). Málhafar þekkja uppruna þeirra undir niðri. Þeir fordást óreglulegar myndir á borð við *flew out* vegna þess að í huga þeirra er sögnin *to fly* í hafnabolta annað orð en venjulega

sögnin *to fly* (það sem fuglar gera). Aðra sögnina sjá þeir sem sagnorð leitt af nafnorði, hina sem upprunalegt sagnorð. Aðeins upprunalega sagnorðið getur haft óreglulegu þátíðina *flew* því að einungis sagnrætur geta haft þátíðarmyndir. Þetta fyrirbrigði sýnir að þegar menn nota nafnorð sem sagnorð auðga þeir orðasafn hugans, ekki öfugt – orðin missa ekki eiginleika sína sem sagnorð annars vegar og nafnorð hins vegar, en til eru sagnorð og til eru nafnorð og til eru sagnorð leidd af nafnorðum og menn safna þeim saman í huganum, hverju með sínum merkimiða.

Það sem er merkilegast við sérstöðu sagnorða sem eru leidd af nafnorðum er að allir virða hana ómeðvitað. Í 5. kafla benti ég á að ef sagnorð er leitt af nafnorði, til dæmis skírnarnafni einhvers, er það alltaf reglulegt, jafnvel þó að það sé samhljóma óreglulegri sögn sem er til í málinu. (Tökum sem dæmi Mae Jemison, falletta svartta kvengeimfarann, hún *out-Sally-Rided Sally Ride*, ekki *out-Sally-Rode Sally Ride*.) Rannsóknarteymi mitt athugaði þetta með því að leggja um það bil tuttugu og fimm nýjar sagnir leiddar af nafnorðum fyrir mörg hundruð manns – háskólanema, sjálfboðaliða sem voru ekki með háskólapróf og við höfðum auglýst eftir í dagblaði, skólakrakka og jafnvel fjögurra ára börn. Þau brugðust öll við af innsæi góðra málfræðinga, þau beygðu nafnorð notuð sem sagnorð á annan hátt en venjulegar sagnir.

Er einhver einhvers staðar sem skilur ekki þessa grundvallarreglu? Já – málvendirnir. Ef þið flettið upp þátíðarmyndinni *broadcasted* í *The Careful Writer* eftir Theodore Bernstein finnið þið þetta:

Ef þið haldið að þið hafið sagt fyrir (e. *forecasted*) um nánustu framtíð enskunnar og eruð gengin í lið með (e. *casted your lot with*) þeim undanlátssömu, gætuð þið verið opin fyrir því að sagt sé *broadcasted*, að minnsta kosti þegar átt er við útvarpssendingar, eins og ýmsir höfundar orðabóka. Við hin tókum aftur á móti þá afstöðu að hversu æskilegt sem það kann að vera að gera allar óreglulegar sagnir reglulegar verði það hvorki gert með opinberri tilskipun né á einni nóttu. Við höldum áfram að nota *broadcast* sem þátíðarmynd og lýsingarhátt af því að við sjáum enga ástæðu fyrir sagnmyndinni *broadcasted* aðra en áhrifsbreytingu eða samræmingu eða rökvisi sem þeir undanlátssömu sýna sjálfir svo oft fyrirlitningu. Þessi afstaða okkar stangast ekki á við afstöðu okkar til þátíðarmyndarinnar

flied, hafnaboltahugtaksins, því fyrir henni er raunveruleg ástæða. Staðreyndin – hin óhjákvæmilega staðreynd – er að óreglulegar sagnir eru til. (Bernstein 1997: 81)

„Raunveruleg ástæða“ fyrir þátíðarmyndinni *flied* er í huga Bernsteins að hún hefur sérstaka merkingu í hafnabolta, en sú ástæða er röng; *see a bet, cut a deal* og *take the count* eru orðasambönd sem hafa öll sérstaka merkingu en sagnirnar fá þó að halda sinni óreglulegu þátíð, *saw, cut* og *took*, í stað þess að breytast í *seed, cutted, taked*. Nei, hin raunverulega ástæða er að *to fly out* þýðir *to hit a fly* og *a fly* er nafnorð. Og menn segja *broadcasted* af sömu ástæðu: ekki af því að þeir vilji gera allar óreglulegar sagnir reglulegar á einni nóttu, heldur af því að í huganum skilgreina þeir sögnina *to broadcast* sem „to make a broadcast“, hún er sem sagt leidd af nafnorðinu *a broadcast* (útvarpssending), sem er svo miklu algengara. (Upprunaleg merking sagnorðsins, „að dreifa fræjum“, er lítt þekkt nú á dögum nema meðal garðyrkjumanna.) Sagnorðið *to broadcast* er dregið af nafnorði og þess vegna getur það ekki haft sína eigin sérstöku þátíðarmynd, af þeim sökum hafa leikmennirnir vit á að beita reglunni: „Bætið *-ed* aftan við“.

Mér er skylt að ræða eitt dæmi í viðbót: hið mjög svo úthrópaða orð *hopefully*. Setning á borð við, *Hopefully, the treaty will pass*, er talin kolröng. Atviksorðið *hopefully* er dregið af lýsingarorðinu *hopeful* og þýðir „vongóður, á vongóðan hátt“. Þess vegna, segja spekingarnir, ætti aðeins að nota það í setningum sem vísa til persónu sem er að gera eitthvað á vongóðan hátt. Sé það höfundurinn eða lesandinn sem er vongóður, ætti að segja, *It is hoped that the treaty will pass*, eða *If hopes are realized, the treaty will pass*, eða, *I hope the treaty will pass*.

Nú skulum við íhuga eftirfarandi:

1. Það er einfaldlega ekki rétt að atviksorð í ensku verði að segja til um á hvern hátt gerandinn innir verk af hendi. Atviksorð eru tvenns konar: atviksorð í sagnlið, svo sem *carefully*, sem vísa til gerandans, og setningaratviksorð, svo sem *frankly*, sem lýsa viðhorfi

mælandans til setningarinnar allrar. Önnur dæmi um setningar-
atviksorð eru:

accordingly	curiously	oddly
admittedly	generally	parenthetically
alarmingly	happily	predictably
amazingly	honestly	roughly
basically	ideally	seriously
bluntly	incidentally	strikingly
candidly	intriguingly	supposedly
confidentially	mercifully	understandably

Takið eftir að mörg af þessum ágætu setningaratviksorðum, svo sem *happily*, *honestly* og *mercifully* eru leidd af atviksorðum í sagnlið og merking þeirra er næstum aldrei tvíræð í samhengi orðanna. *Hopefully* hefur verið notað sem setningaratviksorð í ritmáli að minnsta kosti frá fjórða áratug 20. aldar (samkvæmt *Oxford English Dictionary*) og miklu lengur í talmáli, og afleiðslan er fullkomlega skynsamleg.

2. Tveir af þeim kostum sem lagðir eru til, *It is hoped that* og *If hopes are realized*, gera sig seka um fjórar alræmdar syndir í óvönduðu ritmáli: þolmynd, skalla, ruglandi, uppskafningu.

3. Þeir kostir sem lagðir eru til hafa ekki sömu merkingu og *hopefully*, svo að bannið við notkun orðsins myndi gera það ómögulegt að tjá ákveðnar hugsanir. Í *hopefully* felst bjartsýnisspá en *I hope that* og *It is hoped that* lýsa einfaldlega andlegri líðan ákveðinna manna. Þannig getum við sagt, *I hope that the treaty will pass, but it isn't likely*, en það væri skrítið að segja, *Hopefully, the treaty will pass, but it isn't likely*.

4. Okkur er aðeins ætlað að nota *hopefully* sem atviksorð í sagnlið, eins og í setningunni:

Hopefully, Larry hurled the ball toward the basket with one second left in the game.

Hopefully, Melvin turned the record over and sat back down on the couch eleven centimeters closer to Ellen.

Mér er sama þó að menn kalli mig óheflaðan og fáfróðan en þessar setningar eru ekki gjaldgengar í því tungutaki sem mér er eiginlegt.

Ímyndum okkur að einn góðan veðurdag komi einhver og segi að okkur hafi öllum skjátlást hrapallega. Borgin í Ohio, sem menn kalla Cleveland, heiti í raun Cincinatti og borgin sem menn kalla Cincinatti heiti í raun Cleveland. Sérfræðingurinn gefur ekki upp neina ástæðu en heldur því fast fram að þetta sé hið rétta og að hver sá (e. *anyone*) sem láti sér annt um málið verði undireins að breyta nafninu sem hann (já, *hann*, ekki þeir) kalli borgirnar, án tillits til þess ruglings og kostnaðar sem af því hlytist. Þið mynduð án efa telja þennan mann genginn af göflunum. En þegar höfundur málfarspistla eða ritstjóri kemur með álíka yfirlýsingar um orðið *hopefully* er hann sagður máttarstólpi læsis og vandaðs málfars.⁴



Hvað skal þá gera í sambandi við málnotkun? Öfugt við suma fræðimenn á 7. áratugnum tel ég ekki að kennsla í staðlaðri enskri málfraedi og ritun sé tæki til að halda auðvaldssinnaðri harðstjórn hvíta feðraveldisins við lýði og að alþýðan eigi að fá frelsi til að skrifa eins og henni sýnist. Það er ómaksins vert að reyna að breyta ákveðnum einkennum í málfari fólks á ákveðnum sviðum. Það sem ég kalla eftir er skaðlaust. Meiri hugsun í umræðuna um tungumálið og meðferð þess, og að stuðst sé við bestu vísindalegu þekkingu sem völ er á í staðinn fyrir *bubbe-maises* (kerlingabækur). Sérstaklega er mikilvægt að við vanmetum ekki færni mannhugans, sem er í raun uppspretta allrar málnotkunar.

Það er kaldhæðnislegt að þeir vælukjóar sem kvarta yfir að óvandað málfar geti af sér óvandaða hugsun skuli sjálfir vera ruglukollar sem beita laustengdum rakalausum fullyrðingum og grautarlegum rökleysum. Öllum málfarsdæmum sem nöldur-seggirnir af einhverjum ástæðum fetta fingur út í er hrært saman í ólystugan graut og hóstað upp sem sönnun fyrir hnignun tungumálsins: slangri unglina, orðaflækjum, staðbundnum til-

4 Bls. 396–413 eru ekki þýddar hér.

brigðum í framburði og framsögn, stofnanamáli, lélegri stafsetningu og greinamerkjasetningu, gervivillum eins og *hopefully*, illa uppbyggðum texta, skrautyrðum ráðamanna, óvandaðri málfræði á borð við *ain't*, blekkjandi auglýsingum og svo mætti lengi telja (svo að ekki sé minnst á úthugsaða hnyttni sem er ofvaxin skilningi nöldurseggjanna).

Ég vonast til að hafa sannfært ykkur um tvennt. Margar forskriftarreglur málfræðinnar eru beinlínis heimskulegar og þeim ætti að eyða úr handbókum um málnotkun. Og meginhluti hinnar stöðluðu ensku er einmitt þetta, staðlaður, á sama hátt og ákveðnar mynteiningar eða rafspenna á heimilum er sögð stöðluð. Það er ekki annað en heilbrigð skynsemi að fólk fái hvatningu og tækifæri til að læra þá mállýsku sem er viðtekin í samfélaginu og beita henni á margs konar formlegum sviðum. En það er ástæðulaust að nota hugtök á borð við „léleg málfræði“, „sundurlaus setningabygging“ og „röng notkun“ um málnotkun landsbyggðarfólks eða blökkumanna. Þó að ég sé ekki hrifinn af þeirri „pólítísku rétthugsun“ sem kallar á notkun skrautyrða (samkvæmt hádfuglunum ættum við ekki að segja *hvít kona*, heldur *melanínlítill persóna af ákveðnu kynferði*) er það bæði móðgandi og vísindaleg ónákvæmni að nota orð eins og „léleg málfræði“ í stað „ekki viðtekin málvenja“.

Svo vikið sé að slangri er ég mikill stuðningsmaður þess! Sumir hafa áhyggjur af að slangur geti einhvern veginn „spillt“ tungunni. Það er lítil hætta á því. Flestir samfélagshópar standa vörð um slanguryrði sín eins og þau væru einkennismerki þeirra. Unnandi tungumála sem fengi að líta sýnishorn af slanguryrðum gæti ekki varist hrifningu andspænis glæsilegum orðaleikjum og andríki læknanema (*Zorro-belly*, *crispy critter*, *prune*), rappara (*jaw-jacking*, *dissing*), háskólanema (*studmuffin*, *veg out*, *blow off*), brimbrettakappa (*gnarlacious*, *geeklified*) og tölvuþrjóta (*to flame*, *core-dump*, *cruffy*). Þegar þessi orð verða gömul í hettunni geta þau orðið hluti af almennu tungutaki og þau fylla oft ágætlega upp í eyður sem voru fyrir í tungumálinu. Ég veit ekki hvernig ég komst af án sagnorðanna *to flame* (að mótmæla fullur vanþóknunar), *to dis* (að sýna virðingarleysi), og *to blow off* (að varpa frá sér skyldu), og til eru mörg þúsund ensk orð sem nú þykja óaðfinnanleg, svo sem *clever*, *fun*, *sham*, *banter*, *mob*, *stingy*, *bully*, *junkie* og *jazz*, en voru upphaflega slanguryrði. Það

er sérlega mikil hræsni að rísa sjálfkrafa gegn nýsköpun í tungumálinu og lýsa um leið vanþóknun á að ekki sé lengur gerður greinarmunur á *lie* og *lay* undir því yfirskini að varðveita þurfi blæbrigðaaudgi tungunnar. Leiðir til að tjá hugsun verða til miklu hraðar en þær glatast.

Líklega má finna góða skýringu á því að svo margir vanda ekki mál sitt og slíta sundur setningarnar með innskotum á borð við *you know, like, sort of, I mean* og svo framvegis. Allir hafa á valdi sínu margs konar talmál sem þeim finnst hæfa við mismunandi aðstæður eftir stöðu sinni og tengslum við viðmælandann. Svo virðist sem yngra fólk vilji að fjarlægð milli manna sé minni en eldri kynslóðir eiga að venjast. Ég veit að margir góðir enskumenn á mínum aldri nota óspart innskot á borð við *sort of* og *you know* þegar þeir sitja og spjalla við einhvern einslega, því þeir vilja ekki koma fyrir eins og sérfræðingar sem þykjast mega lesa yfir viðmælanda sínum með yfirlætislegum fullyrðingum. Þetta fer í taugarnar á sumum en flestir geta breytt þessum talsmáta þegar þeir vilja og mér finnst hann ekki verri en hinar öfgarnar, þegar ákveðnir fræðimenn í eldri kantinum gerast miðpunktur athyglinnar á samkomum og messa fjálglega yfir aðþrengdum yngri áheyrendum.

Sá þáttur málnotkunar sem mest er um vert að breyta snertir tærleika og stíl ritaðs máls. Ítarlegur skýringartexti krefst þess að tungumálið tjái mun flóknari hugsanaferli en það var líffræðilega hannað til að gera. Ósamræmi sakir stundargleymsku og skipulagsleysis, sem menn taka ekki eftir í samræðum, er erfitt að þola á blaðsíðum sem á að lesa í rólegheitum. Öfugt við þann sem spjallað er við deilir sá sem les sjaldan nægilega mörgum hugmyndum með höfundinum til að geta fyllt í eyðurnar með þeim forsendum sem þarf til að gera málið skiljanlegt. Fátt er eins mikilvægt fyrir þann sem vill skrifa vel og að hann sigrist á meðfæddri sjálfhverfninni og reyni að gera sér í hugarlund þekkingarstig hins almenna lesanda í allri framvindu umfjöllunarinnar. Allt þetta gerir skriftir að erfiðri iðju sem enginn nær valdi á nema með æfingu, leiðsögn, viðbrögðum og – líklega skiptir það mestu máli – stöðugri snertingu við góðar fyrirmyndir. Til eru prýðisgóðar handbækur um ritun sem fjalla um þessi atriði og önnur af mikilli vísku, svo sem *The Elements of Style* eftir Strunk og White og *Style: Toward Clarity and Grace* eftir

Williams. Það sem mér fellur best við þessar bækur er að þær veita hagnýtar leiðbeiningar sem eru fjarri smámunum eins og fleyguðum nafnhætti og slangri. Til dæmis er það margtuggið en almennt viðurkennt heilræði að lykillinn að vel skrifuðum texta sé að lesa hann vandlega yfir. Góðir höfundar fara allt frá tvisvar upp í tuttugu sinnum yfir greinar áður en þeir senda þær frá sér. Sá sem ekki skilur hvað þetta er nauðsynlegt verður vondur höfundur. Ímyndið ykkur nöldursegg sem kveinar: „Tungu vorri stendur nú á dögum ógn af lævísum óvini; unga fólkið les ekki nógu oft yfir ritsmíðar sínar.“ Það skemmir ánægjuna dálítið, er það ekki? Þetta getum við ekki kennt sjónvarpinu um, rokktónlist, menningu verslunarmiðstöðva, íþróttamönnum á ofurlaunum, eða nokkrum öðrum ummerkjum um hnignun siðmenningarinnar. En ef við viljum skrifa skýran texta er þetta einfalda úrræði gagnlegt.

Að lokum ætla ég að gera játningu. Þegar ég heyri einhvern nota orðið *disinterested* í merkingunni „áhugalaus“ get ég orðið ósku-reiður. *Disinterested* (ætli ég verði ekki að útskýra að það þýðir „óhlutdrægur“) er svo fallett orð; það sker sig frá *impartial* og *unbiased* á hárfínan hátt af því að það felur í sér að viðkomandi hafi engra hagsmuna að gæta í málinu, ekki að hann sé einfaldlega ákveðinn í að vera óvilhallur af prinsippástæðum. Þessa ágætu merkingu fær það frá fíngerðri samsetningunni: *interest* sem þýðir „hagsmunir“ eins og í orðasambandinu *conflict of interest* og *financial interest*; þegar *-ed* er bætt við nafnorð getur það lýst þeim sem nafnorðið vísar til, eins og í *moneyed*, *one-eyed* eða *book-nosed*; *dis-* gerir merkinguna neikvæða. Þessi málfræðilega rökvísi kemur fram í álíka samsettum orðum, svo sem *disadvantaged*, *disaffected*, *disillusioned*, *disjointed* og *dispossessed*. Þar sem við höfum nú þegar orðið *uninterested* er ástæðulaust að ræna glögga tungumálaunnendur orðinu *disinterested* með því að steypa merkingu þessara tveggja orða saman, nema þá í lágkúrulegri tilraun til að slá um sig með uppskrúfuðu orðalagi. Ég ætla ekki einu sinni að minnst á orð eins og *fortuitous* og *parameter* ...

Slappaðu af, prófessor. Upphafleg merking orðsins *disinterested* er frá 18. öld og er – nema hvað? – „áhugalaus“. Og það er líka skiljanlegt frá málfræðilegu sjónarmiði. Lýsingarorðið *interested* í merkingunni „áhugasamur“ (skylt lýsingarhætti sagnarinnar *to*

interest) er mun algengara en nafnorðið *interest* í merkingunni „hagsmunir“, svo að *dis-* má skilgreina einfaldlega sem neitandi forskeyti á lýsingarorðinu, eins og í *discourteous*, *dishonest*, *disloyal*, *disreputable*, eða *dissatisfied* og *distrusted* sem eru sömu gerðar. En slíkar rökfærslur koma málinu ekki við. Allir þættir í tungumáli breytast með tímanum og tungumál verða stöðugt fyrir margs konar missi. En þar sem mannshugurinn breytist ekki með tímanum er auðlegð tungunnar í sífelldri endurnýjun. Þegar eitthvert okkar lætur einhverja breytingu í málnotkun fara í taugarnar á sér væri skynsamlegt að lesa orð Samuels Johnson í formálanum að orðabók hans frá 1755 þar sem hann bregst við nöldurseggjum síns tíma:

Þeir sem hafa fallist á að líta starf mitt velvildaraugum vilja að það bindi tungu vora og stöðvi þær breytingar sem tíminn og tilviljanir hafa hingað til fengið að gera á henni án þess að mæta andspyrnu. Ég játa að um nokkurt skeið taldi ég mér trú um að svo gæti orðið, en nú er ég farinn að óttast að ég hafi gælt við vonir sem hvorki skynsemin né reynslan geta réttlætt. Þegar við sjáum menn eldast og deyja eftir ákveðinn tíma, hvern af öðrum, öld fram af öld, hlæjum við að þeirri ódáinsveig sem sögð er lengja lífið í þúsund ár; og af sömu ástæðu er rétt að hæðast að orðabókarhöfundinum sem getur ekki bent á neina þjóð sem hefur verndað orð sín og orðasambönd fyrir breytingum en ímyndar sér samt að orðabók hans muni varðveita tunguna og vernda hana fyrir spillingu og hnignun, að það sé á valdi hans að breyta jarðnesku eðli og losa veröldina á augabragði við flónsku, hégóma og tilgerð. Í þessari von hafa lærdómssetur eigi að síður verið stofnuð svo að þau megi standa vörð um stefnu tungunnar, hafa hendur í hári þeirra sem flýja af hólmi og hrekja boðflennur burt, en árvekni þeirra og gjörðir hafa hingað til verið til einskis; hljóð eru of hverful og lúmsk til að unnt sé að setja á þau lögboðnar hömlur; að fjötra atkvæðin og hýða vindinn er hvort tveggja dæmi um hroka sem þverskallast við að sníða viljanum stakk eftir vexti. (Í McAdam og Milne 1964: blaðsíðutal vantar)

HEIMILDIR

- Bernstein, T. M. 1977. *The Careful Writer: A Modern Guide to English Usage*. New York: Atheneum.
- Chomsky, N. 1975. *Reflections on Language*. New York: Pantheon.
- Darwin, C. R. (1859) 1964. *On the Origin of Species*. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.
- Darwin, C. R. 1874. *The Descent of Man and Selection in Relation to Sex* (2. útg.). New York: Hurst & Co.
- James, W. (1892) 1982. *Psychology: Briefer Course*. New York: Henry Holt & Company.
- McAdam, E. L. Jr., og Milne, G. (ritstj.). 1964. *Samuel Johnson's Dictionary: A Modern Selection*. New York: Pantheon.
- Piatelli-Palmarini, M. (ritstj.). *Language and Learning: The Debate between Jean Piaget and Noam Chomsky*. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.